

REGLUGERÐ

um komu, brottför og yfirflug flugfara í millilandaflogi yfir íslenskt yfirráðasvæði.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Loffterðir um íslenskt yfirráðasvæði eru háðar gildandi íslenskum reglum um loftferðir.

2. gr.

Tilkynna skal flugmálastjóra flugáætlun fyrir hvert flug, samkvæmt þeim reglum (NOTAM), sem hann ákveður.

3. gr.

Lofftör, sem koma til Íslands frá öðrum löndum, skulu nota tollflugvöll til fyrstu landingar og síðasta flugtaks, áður en utan er haldið, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 134 27. júlí 1945.

4. gr.

Ríkisloftför falla ekki undir reglugerð þessa.

5. gr.

Samgönguráðuneytið gefur út leyfi til loftferða yfir íslensku yfirráðasvæði, en flugmálastjóri eða umboðsmaður hans landingarleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

Hvers konar umsóknir um landingarleyfi, sem koma frá utanríkisráðuneytum eða sendiráðum erlendra ríkja, skulu sendar utanríkisráðuneytinu, hvort sem ríkin eru aðilar að Chicago-sáttmálanum eða ekki. Umsóknir, er berast frá flugmála-yfirvöldum annarra ríkja, skulu hins vegar sendar flugmálastjóra.

II. Áætlunarflug.

6. gr.

Eigi má starfrækja reglubundnar loftferðir í atvinnuskyni yfir íslensku yfirráðasvæði, nema með leyfi samgönguráðuneytisins.

7. gr.

Erlendur aðili, sem halda vill uppi reglubundnum loftferðum í atvinnuskyni, samkvæmt samningi milli Íslands og annars ríkis, má hefja þær án sérstaks leyfis, nema slíkt leyfi sé áskilið í samningnum, enda hafi hinn erlendi aðili tilskilda viðurkenningu heimalands síns.

Aðilar þeir, sem um ræðir í 1. mgr., skulu láta flugmálastjóra í té þau gögn, er hann kann að æskja, svo unnt sé að gefa nákvæm fyrirmæli um flugumferð þá, sem um er að ræða.

8. gr.

Umsóknir aðila í þeim ríkjum, sem eiga aðild að Chicago-sáttmálanum, um leyfi til að starfrækja reglubundnar loftferðir í atvinnuskyni, skulu sendar flugmálastjóra, sbr. þó 5. gr.

Umsóknir aðila frá ríkjum, sem ekki eiga aðild að Chicago-sáttmálanum, skulu sendar utanríkisráðuneytinu.

III. Óreglubundið flug.

9. gr.

Lofftörum, skráðum í ríkjum, sem ekki eru aðilar að Chicago-sáttmálanum, er nauðsynlegt að fá leyfi áður en þau fljúga inn yfir íslenskt yfirráðasvæði. Leyfisumsókn skal send utanríkisráðuneytinu og skal vera komin til þess a. m. k. 48 klst. áður en áætlað er, að loftfarið komi inn í íslenska lofthelgi. Helgidagar og almennir frídagar á Íslandi teljast ekki með, þegar reikna skal frestinn.

Í umsóknum skulu eftirtalin atriði greind:

- a. Fullt nafn og heimilisfang flytjanda.
- b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
- c. Leið sú, sem fljúga skal, ákvörðunarstaður, með upplýsingum um, hvar skuli flogið inn í lofthelgi Íslands og hvenær.
- d. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
- e. Fjarskiptabúnaður og tíðni.

10. gr.

Erlend loftför, sem æskja þess að lenda á Íslandi í atvinnuskyni, verða að hafa sérstakt leyfi til þess. Hafi tvíhliða samningur eða samningar milli fleiri ríkja að geyma undantekningu frá þessari reglu, og Ísland er aðili að þeim samningi, ber að tilkynna flugmálastjóra, með a. m. k. 48 klst. fyrirvara, um einstök flug, sbr. 1. mgr. 9. gr.

11. gr.

Fyrir loftför skráð í ríkjum, sem eru aðilar að Chicago-sáttmálanum, og æskja leyfis til loftferða samkvæmt 10. gr. skal senda umsókn til flugmálastjóra með sama fresti og um getur í 1. mgr. 9. gr.

Ef flogið er í sambandi við fjölferð (inclusive tour) að nokkru eða öllu leyti, skal senda umsókn til flugmálastjóra með a. m. k. 15 daga fyrirvara, ef um er að ræða eina ferð á sama almanaksári. Umsókn skal þó senda með a. m. k. 30 daga fyrirvara, ef um er að ræða fleiri ferðir en eina, sem sótt er um eða hafi sami aðili fengið sams konar leyfi áður á sama almanaksári.

Í umsóknum skulu eftirtalin atriði greind:

- a. Fullt nafn og heimilisfang flytjanda.
- b. Þjóðerni, skrásetningarmerki og tegund loftfars.
- c. Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
- d. Staður eða staðir, sem farþegar og/eða flutningur verður fluttur frá eða til.
- e. Markmið flugsins, fjöldi farþega, tegund og/eða magn flutnings.
- f. Nafn og heimilisfang þess, er loftfarið hefur á leigu.
- g. Sönnun fyrir því, að í gildi sé ábyrgðartrygging vegna tjóns, sem þriðja aðila á jörðu niðri kann að verða valdið og farþegatrygging.
- h. Ef flogið er í sambandi við fjölferð (inclusive tour), hver einstök atriði dag-skrár eru skilmálar ferðarinnar og hver greiðsla sé ákveðin fyrir hvern farþega í fjölferðinni, sbr. 12. gr. Krefjast má annarra upplýsinga áður en leyfið er veitt.

Ef um er að ræða loftfar, sem skráð er í ríki, sem ekki er aðili að Chicago-sáttmálanum, skal í umsókn einnig getið um flugleið þá sem fljúga á, hvar og hvenær komið er inn í lofthelgi Íslands svo og hver fjarskiptabúnaður sé og tíðni.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum flugmálastjóra, takmarkað eða bannað aðalveg leiguflyg, einstakar ferðir eða um tiltekinn tíma, á tilteknum flugleið-

um, ef íslenskt flugfélag er rekur áætlunarflug samkvæmt loftferðasamningi æskir þessa og færir rök fyrir, að slíkt leiguflug sé hættulegt hagsmunum þess.

12. gr.

Til að um fjölferð sé að ræða, verða eftirtalin skilyrði að vera uppfyllt:

I) Flugferðin skal einungis farin til flutnings þátttakenda í fjölferð, samkvæmt áður ákveðinni ferðaáætlun og auk þess skulu eftirgreind ákvæði gilda um ferðaáætlun:

- a. Ferðalagið vari eigi skemur en eina viku.
- b. Ferðatilhögun sé þannig, að sameiginlegt sé bæði flugferðir, gisting og a. m. k. hálf tæði, auk sameiginlegra skemmtiferða, ef um slíkt er að ræða og skulu allir þættir ferðalagsins vera innifaldir í söluverði til farþega.
- c. Við brottför frá Íslandi skulu þátttakendur hvers fjölferðahóps eigi vera færri en 15, bundnir við sömu ferðatilhögun. Heimilt er að flytja fleiri en einn fjölferðaflokk í sömu flugvél, enda uppfylli hver þeirra skilyrði þessarar greinar.
- d. Á ákvörðunarstað erlendis skal fararstjóri vera með hverjum fjölferðahópi.
- e. Brottför og heimför verður að vera sameiginleg öllum þátttakendum í hverri fjölferð um sig.

II) Þátttakendur skulu greiða fyrir ferðalagið í heild. Lágmarkssöluverð fjölferðarinnar skal eigi vera lægra en lægsta IT sérfergjald sem í gildi er á viðkomandi flugleið til eða frá Íslandi að viðbættu jafnvirði 15 sterlingspunda. Þó skal flugmálastjóra heimilt að samþykka lægra lágmarks söluverð fjölferðar frá Íslandi til suðrænna landa, ef rökstudd umsókn flytjanda berst honum skriflega með a. m. k. 15 daga fyrirvara og almenn sjónarmið styðja slíka leyfisveitingu.

Endurgreiðsla fyrir þá þætti ferðalagsins, sem vera kann að einstakir þátttakendur ekki færi sér í nyt, er óheimil.

Farþega án endurgjalds á vegum flugfélagsins, svo og starfsfólk flugfélags, má flytja í fjölferðar-flugfari, eftir sömu reglum, sem gilda um slíkt í reglubundnum flugferðum í atvinnuskyni.

III) Ekki má nota í fjölferðum önnur loftför en þau, sem eru eign flugfélags þess, sem að ferðinni stendur, nema með sérstöku leyfi flugmálastjóra.

IV) Breytingar á flugáætlun þeirri, sem var grundvöllur leyfis til fjölferðar, eru háðar samþykki flugmálastjóra.

V) Flugfélag, sem að fjölferð stendur, skal áður en farið er af stað, gera nafnalista yfir þá farþega, sem eiga að vera með loftfarinu. Skal ákvörðunarstaður erlendis og brottfarartími fyrir heimferð tilgreindur. Ef fleiri hópar eru í sama loftfari, skal aðgreina hvern hóp fyrir sig á listanum. Sé um að ræða farþega, sem ekki greiða fargjald, skulu þeir nafngreindir, og orsök tilgreind. Eitt undirritað eintak listans skal senda flugmálastjóra, og verður það að hafa borizt honum eigi síðar en fjórum dögum eftir brottför loftfarsins frá Íslandi.

Sú skylda hvílir á flugfélagi því, sem annast fjölferð, svo og á ferðaskrifstofu, sem að henni stendur, að gæta þess að allir þátttakendur í fjölferð komi saman heim. Sé það ekki unnt, skal flugfélag eða ferðaskrifstofa tilkynna það flugmálastjóra í síðasta lagi þegar eftir komu loftfarsins til Íslands.

Nauðsynlegar skýringar um frávik þau, er um ræðir hér að framan, skal senda flugmálastjóra skriflega, eins fljótt og unnt er.

VI) Þátttakendur í fjölferð skulu hafa farseðil (einstaklings eða sameiginlegan farseðil, með þátttakendalista viðfestum) og þátttakendaskírteini, sem sannar, að nafngreindur réttihafi þess hafi greitt, eða beri að greiða, það verð, sem greiða ber fyrir þátttöku í fjölferðinni allri.

VII) Leyfi flugmálastjóra, eða staðfest afrit af því, skal vera í loftfari því, sem flytur fjölferðahópinn. Skal skylt að sýna það, ef krafizt er, fulltrúum flugmálastjóra og öðrum opinberum starfsmönnum, sem hlut eiga að máli.

13. gr.

Um leiguflug fyrir félagasamtök (Affinity Group Charter Flight), gilda eftirfarandi reglur:

1. Farþegar þeir, sem flytja á, skulu vera félagar sömu samtaka sem hefur önnur markmið en ferðalög. Verða þeir að hafa verið skráðir í þeim félagsskap í a. m. k. 6 mánuði áður en ferðin hefst, vera maki eða barn á framfæri þeirra eða foreldri á heimili þess, sem hefur hug á að taka þátt í ferðinni.
2. Tilkynningum um ferðina, hvort sem þær eru munnlegar eða skriflegar, skal komið til félagsmanna án notkunar fjölmiðla.
3. Flugmálastjóra er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum 1.—2. tl., þegar um er að ræða leiguflug vegna ráðstefnuhalds eða sérstakra viðburða, en rökstudd umsókn flytjanda þarf að fylgja í hverju tilviki.
4. Sækja skal til flugmálastjóra um leyfi fyrir flugferðum þeim, sem nefndar eru í grein þessari með minnst tveggja virkra daga fyrirvara. Sé um að ræða fleiri en 4 flugferðir á næstu tveim mánuðum, skal umsóknin vera komin til flugmálastjóra minnst einum mánuði fyrir áætlaða brottför fyrstu flugferðarinnar.

14. gr.

Eftirlit með því að ofangreindum ákvæðum sé hlýtt, þar á meðal með því að staðfestum gjaldskrár flugfélaga og öllum reglum það að lútandi sé framfylgt í hvívetna af öllum söluaðilum, er í höndum flugmálastjóra. Er honum heimilt að óska eftir þeim upplýsingum frá flutningsaðila eða farþega, sem hann telur sig þurfa, til þess að ganga úr skugga um það, að um ólögmeitt athæfi sé ekki að ræða.

IV. Einkaflug.

15. gr.

Leyfi þarf ekki til einkaflugs inn í, frá eða í íslenskri lofthelgi, í erlendu loftfari, sem er skráð í ríki, sem er aðili að Chicago-sáttmálanum.

16. gr.

Einkaflug frá eða í íslenskri lofthelgi, í erlendum loftförum, skráðum í ríkjum, sem ekki eru aðilar að Chicago-sáttmálanum, er bundið fyrirfram fengnu leyfi og skulu umsóknir um slík leyfi sendar utanríkisráðuneytinu, með sama fresti og um getur í 9. gr.

Í umsókn skulu eftirtalin atriði greind:

- a. Þjóðerni, skrásetningarmarki og tegund loftfars.
- b. Nafn, ríkisfang og heimilisfang eiganda og flugstjóra.
- c. Leið sú, sem fljúga skal, ákvörðunarstaður, og upplýsingar um, hvar skuli flogið inn í lofthelgi Íslands og hvenær.
- d. Tala þeirra, sem í loftfarinu eru.
- e. Fjarskiptabúnaður og tíðni.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, svo og afturköllun leyfa og synjun frekari leyfa fyrir sama aðila.

18. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um komu, brottför og yfirflug erlendra flugfara í millilandaflugi yfir íslenskt yfirráðasvæði, nr. 41 24. apríl 1965, ásamt breytingu á þeirri reglugerð, nr. 36 7. febrúar 1966.

Samgönguráðuneytið, 4. maí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 108.

5. maí 1972.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um Einar Hjörleifsson Kvaran, rithöfund, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómismálaráðherra 5. maí 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Einar Hjörleifsson Kvaran, rithöfund.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Kvaransminni.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Elinborgu Lárusdóttur, skáldkonu, til minningar um Einar H. Kvaran, rithöfund.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund krónur —

Sjóðinn skal ávaxta í verðtryggðum ríkisskuldabréfum eða öðrum verðtryggðum eignum eða á reikningi í tryggum bankastofnunum. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða né heldur leggja hann við neina aðra sjóði. Nafni sjóðsins má heldur aldrei breyta.

Við höfuðstól leggjast óskiptar allar gjafir til sjóðsins og tekjur aðrar en vextir sbr. 7. grein.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vísindamenn til rannsókna á merkjum dulrænum fyrirbærum, sem gerast kunna hér á landi, svo og til að kanna störf íslenskra miðla og leiðbeina þeim.

5. gr.

Umsjón og varzla sjóðsins er falin þriggja manna stjórn. Skal hún þannig skipuð, að stjórn Sálarrannsóknarfélags Íslands tilnefni einn mann og skal tilnefningin bundin við 3 ár, en niðjar Elinborgar Lárusdóttur og Einars H. Kvaran tilnefna einn mann hvorir. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum árlega.